



SAMÞYKKT

um kjör fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Vesturbyggðar.

1. gr.

Gildissvið

Samþykkt þessi byggir á Samþykktum um stjórn Vesturbyggðar nr. 371/2014, með síðari breytingum. Samþykktin fjallar um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af bæjarstjórn Vesturbyggðar í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg því sem gerist á almennum vinnumarkaði, í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð í þágu sveitarfélagsins.

3. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Við setningu samþykktar þessarar er viðmiðunarfjárhæð ákveðin út frá þingfararkaupi hvers árs. Viðmiðunarfjárhæð tekur mið við launavísitölu og breytist 1. janúar ár hvert. Laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna eru samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í greinum hér á eftir. Bæjarstjórn getur ákveðið aðrar hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum bæjarfulltrúa. Þingfararkaup er ákveðið í samræmi við lög um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað nr. 88/1995, með síðari breytingum.

4. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa í Vesturbyggð

Bæjarfulltrúar fá sameiginlega skrifstofuaðstöðu í Ráðhúsi Vesturbyggðar með aðgangi að tölvu, síma og prentun. Starfsmenn ráðhússins annast skrifstofuþjónustu fyrir bæjarstjórnarfulltrúa, svo sem gagnaöflun, símvörslu, ritvinnslu og undirbúning funda. Bæjarfulltrúar fá greiddan símakostnað 2.500 kr. á mánuði, formaður bæjarráðs og varaforseti bæjarstjórnar fá 5.000 kr. á mánuði og forseti bæjarstjórnar 7.000 kr. á mánuði.

5. gr.

Þóknun vegna funda

Kjörnir bæjarfulltrúar þiggja föst laun fyrir setu í bæjarstjórn og bæjarráði Vesturbyggðar. Fyrir setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins er greitt fyrir fundarsetu. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarfjárhæð.



A. Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarfulltrúar í bæjarstjórn – Mánaðarlaun = 5% af þingfararkaupi

- Forseti bæjarstjórnar að auki – Mánaðarlaun = 8,3% af þingfararkaupi
- Formaður bæjarráðs að auki – Mánaðarlaun = 5% af þingfararkaupi
- Bæjarfulltrúar sem sitja í bæjarráði, aðrir en formaður bæjarráðs, að auki – Mánaðarlaun = 1,7% af þingfararkaupi
- Bæjarfulltrúar í bæjarstjórn – Fundarseta = 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund
- Bæjarfulltrúi í bæjarráði – Fundarseta = 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund
- Varamenn í bæjarstjórn – Mánaðarlaun = engin
- Varamenn í bæjarstjórn – Fundarseta = 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund

B. Nefndir og ráð

- Formaður – Fundarseta = 3,75% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund
- Aðalmaður – Fundarseta = 2,5% af þingfararkaupi fyrir setinn fund
- Varamaður – Fundarseta = 2,5% af þingfararkaupi fyrir setinn fund

Starfsmenn Vesturbyggðar sem starfa með nefndum, ráðum og stjórnnum fá ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum sveitarfélagsins, nema viðkomandi sitji fund sem kjörinn fulltrúi.

6. gr.

Þóknun áheyrnarfulltrúa

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði skv. 31. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og áheyrnarfulltrúar í nefndum og ráðum sem bæjarstjórn hefur tilnefnt skv. 43. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar skulu frá greidda þóknun sem nemur 1,25% af þingfararkaupi.

7. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan Vesturbyggðar

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem bæjarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir: Fyrir hvern dag skal greiða sem nemur 18.611 kr. Dagkaup kjörinna fulltrúa er tengt launavísitölu. Uppfærast árlega 1. janúar miðað við vísitölu í nóvember ársins á undan.

8. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélags

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega. Greiði Vesturbyggð fyrir slíka setu skal greiða sem nemur 2,5% af þingfararkaupi fyrir setinn fund.



9. gr.

Starfshópar, vinnuhópar eða verkefnateymi

Ákveði bæjarstjórn eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða verkefnateymi, skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin og ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarstjórnar fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst. Skipunarbréf skal leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun, ásamt kostnaðar- og tímaáætlun sem hópnunum er ætlað til að skila niðurstöðu. Fyrir hvern setinn fund skal greiða sem nemur 2,5% af þingfararkaupi.

10. gr.

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflot bæjarstarfsmanna, lfl. 128-6. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

11. gr.

Laun í orlofi

Bæjarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan sumarleyfi bæjarstjórnar Vesturbyggðar stendur.

12. gr.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Vesturbyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af launum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í lífeyrissjóð og er móttframlag sveitarfélagsins 11,5%.

Bæjarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi skv. heildartryggingarsamningi sveitarfélagsins.

13. gr.

Laun í veikinda- og slysaforföllum

Sé bæjarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum sínum í allt að 6 mánuði.


Greiðslur skv. 1. mgr. falla niður við lok kjörtímabils eða þegar bæjarfulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

14. gr.

Álag vegna frídaga og stórhátíðardaga

Leitast skal við að nefndir, ráð og stjórnir Vesturbyggðar fundi ekki á frídögum eða stórhátíðardögum. Í undantekningartilfellum þegar nauðsynlegt er að halda fund á frídegi skal bæjarfulltrúum greitt álag:

- Frídagar – 55% álag á laun fyrir hvern setinn fund.
- Stórhátíðardagar – 90% álag á laun fyrir hvern setinn fund.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

15. gr.

Ferða- og gistikostnaður

Bæjarfulltrúar eiga rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Fulltrúar fá greiddan akstur til og frá fundarstað utan sveitarfélagsins í hverjum mánuði og miðast greiðslur á ekinn km. við ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað eða sérstaka eingreiðslu fyrir ferðina samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Leitast skal við að sveitarfélagið útvegi gistingu. Að öðru leyti er útlagður ferðakostnaður greiddur skv. framlögðum reikningum.

Um ferðir erlendis gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarstjórnar fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

16. gr.

Námskeið og þekkingarsókn

Æskilegt er að kjörnir fulltrúa sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Leita þarf samþykkis bæjarstjórnar Vesturbyggðar vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til bæjarstjórnar með góðum fyrirvara og samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

17. gr.

Skil á upplýsingum

Viðkomandi bæjarfulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum til launafulltrúa Vesturbyggðar og sjá starfsmenn ráða og nefnda um að staðfest mætingu fulltrúa í Vinnustund – tímaskráningarkerfi Vesturbyggðar.

18. gr

Gildistaka

Samþykkt þessi var staðfest af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 367. fundi sínum þann 19. janúar 2022 og falla um leið úr gildi eldri reglur um kaup og kjör fulltrúa í stjórnunum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins frá 9. desember 2020.

Vesturbyggð, 19. janúar 2022


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

